

**Námsáætlun fyrir ensku - 5. bekkur**  
**skólaárið 2022 – 2023**



**Kennari:** Karolina Kryspowicka-Lisinska og Helga Björk Sigurðardóttir

**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar getur nemandi:	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Hlustun</b>	skilið einfalt talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega, skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl,	Nemendur hlusta á fyrirmæli kennara. Nemendur hlusta á margvísleg verkefni úr námsefninu.	Hlustunarkönnun og verkefni.
<b>Lesskilningur</b>	lesið sér til gagns stutta og auðlesna texta, fundið lykilupplýsingar í stuttum textum í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu,	Utanbókarlærdómur. Textar lesnir og nemendur læra nýjan orðaforða utan bókar. Nemendur vinna fjölbreytta texta í vinnubókum. Nemendur lesa og þýða mismunandi texta.	Lesskilningkannanir og verkefni.
<b>Samskipti/frásögn</b>	tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans, sagt frá reynslu og eigin skoðunum, haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða, beitt algengustu kurteisisvenjum.	Nemendur ræða saman einfalda hluti á ensku úr námsefninu. Nemendur segja frá sjálfum sér á ensku. Nemendur segja frá texta sem þau hafa lesið á ensku.	Virgni metin
<b>Ritun</b>	skrifað stutta texta með stuðningi gátlista og fyrirmýnda, notað grunnmálfræði eins og óákveðinn greini, fleirtölumyndir nafnorða, sögnina to be og to have og	Áherslur í málfræði sagnirnar to be og to have, nútíð sagna, þátíð sagna, lh. nt. eða present	Tekin eru próf úr ákveðnum málfræðipáttum

	algengustu forsetningar, persónufornöfn	continuous, fleirtala nafnorða, ákveðinn og óákveðinn greinir, persónufornöfn, eignarfornöfn, stigbreyting, lýsingarorða, forsetningar	
<b>Menningarläsi</b>	sýnt fram á að hann kunni skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og átti sig á hvað sé líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu.	Nemendur kynnast menningarheimi enskumælandi landa í gegn um námsefnið.	Verkefni og umræður.
<b>Sjálfstæði og samvinna</b>	unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum komið fram við aðra af virðingu og kurteisi unnið vel og farið eftir fyrirmælum gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi		Unnið í hópavinnu.
<p><b>Námsgögn:</b>  Build Up 1.  Topic books leshefti – ‚Into Hobbies‘, ‚A Year of Fun‘.  Námsefni frá kennara</p>			
<p><b>Lokanámsmat:</b> Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C, D.</p>			